

Hafnarfirði, 11. nóvember 2021

Efni: Húsnæðismál, fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar um húsnæðismál.

Á fundi fjölskylduráðs þann 1.nóvember s.l. lagði fulltrúi Samfylkingarinnar fram fyrirspurn um húsnæðismál. Í minnisblaðinu er leitast við að svara þeim spurningum sem fram voru settar.

Félagslegar íbúðir

1. Hvað eru margar félagslegar íbúðir í Hafnarfirði og hversu margar eru þær á hverja þúsund íbúa bæjarfélagsins?

Þann 1. nóvember sl. var Hafnarfjarðarbær með 278 íbúðir í félagslega kerfinu, þ.e. 269 íbúðir í eigu sveitarfélagsins, 9 íbúðir framleigðar þ.e. 3 íbúðir frá Framlínu, 4 íbúðir leigðar af ÍLS og 2 íbúðir leigðar af Skarðshlíð íbúðarfélagi. Mannfjöldinn í Hafnarfirði er 29.717 íbúar. Í dag er hlutfallið 9,05 íbúðir / 1000 íbúa, þegar tekið er með 9 eignir sem eru framleigðar og frá ÍLS.

2. Hversu margir einstaklingar og fjölskyldur eru núna á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ?

a. Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði?

39 umsóknir

b. Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði?

Stærð íbúðar	2. herb.	3. herb.	4. herb.	5. herb.
Biðtími í mín.	43	30	24	90

3. Hversu margar íbúðir hefur Hafnarfjarðarbær keypt inn í félagslega húsnæðiskerfið á síðustu fjórum árum, sundurliðað eftir árum, þ.e. 2018, 2019, 2020 og á yfirstandandi ári?

Ár	2018	2019	2020	2021
Fjöldi íbúða	14	7	3	6



HAFNARFJÖRÐUR

4. Hefur heimild til lántöku vegna kaupa á félagslegum íbúðum verið fullnýtt á síðustu fjórum árum? Óskað er eftir því að upplýsingar verðir sundurliðaðar eftir árum; 2018, 2019, 2020 og 2021.

Ár	Fjöldi íbúða	Samtal kr.
2018	14	488.000.000
2019	7	495.000.000
2020	3	0
2021	6	0

Ekki búið að ganga frá lántökum 2021 vegna fjárfestinga en verður gert í takti við umfang fjárfestinga. Lántökur á tímabilinu hafa verið teknar á móti fjárfestingum en ekki umfram það sem skýrir að engar lántökur voru á árinu 2020.

Íbúðir fyrir fatlað fólk

1. Hversu margir einstaklingar eru á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði?

- Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði?
- Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði?

39 (18 ára og eldri) einstaklingar eru á biðlista eftir húsnæði og átta af þeim flytja á næsta ári. Þá eru einnig 8 börn sem huga þarf að húsnæði fyrir á næstu árum. Munu 6 flytja í kjarna sem tekur væntanlega til starfa í upphafi árs 2022 og tveir til viðbótar í kjarna sem opnar sumarið 2022.

a)Fyrir utan þá sem flytja á næsta ári má ætla að 16 séu í brýnni þörf fyrir húsnæði. Sumir þurfa félagslegt húsnæði með þjónustu en aðrir eru með ósk um sólarhrings þjónustu í kjarna.

b)Meðal biðtíminn þeirra sem nú eru á lista eru 4 ár.

2. Hversu margir einstaklingar eru í búsetuúrræðum í dag sem ekki teljast fullnægjandi, þ.e. svokölluðum sambýlum? Það er yfirlýst stefna stjórnvalda að ekki skuli haldið áfram að nýta slíkt búsetuúrræði.

- Fjöldi herbergjaheimila í bænum eru fimm og í þeim búa í dag 20 íbúar.
- Eitt af þessum fimm heimilum er blandað með tveimur íbúðum og þremur herbergjum.

3. Hversu margar íbúðir fyrir fatlað fólk eru á framkvæmdastigi í Hafnarfirði í dag?

a)Hversu margar íbúðir fyrir fatlað fólk verða teknar í notkun á yfirstandandi ári?

- Einn kjarni, Vinabær verður tekinn í notkun í upphafi árs 2021
- Tvö rými í kjarna sem tekinn verður í notkun sumarið 2022
- Komin lóð fyrir kjarna en framkvæmdir ekki hafnar.

Sex íbúðir teknar í notkun í þjónustukjarnanum á Öldugötu árið 2021

- Einnig er fötluðu fólki úthlutað húsnæði í almennu félagslegu húsnæði þegar svo ber undir og húsnæðið hentar.

5. Hversu margar íbúðir fyrir fatlaða fólk voru byggðar í Hafnarfirði á sl. fjórum árum? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2018, 2019, 2020 og 2021.

- 2018 = 0 tilbúnar en húsbýggingar í gangi
- 2019 = 0 tilbúnar en húsbýggingar í gangi
- 2020 = 6 tilbúnar og húsbýggingar í gangi
- 2021 = 6 tilbúnar og annað í vinnslu

Almennar íbúðir

1. Hversu mörgum íbúðum á vegum óhagnaðardrifinna leigu- eða búseturéttarféлага hefur verið úthlutað í Hafnarfirði sl. 4 ár? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2018, 2019, 2020 og 2021.

12 íbúðum í Hádegisskarði var úthlutað lok árs 2017 og 150 íbúðum vegna Bjargs var úthlutað 2020 í Hamranesi.

2. Hefur Hafnarfjarðarbær veitt stofnframlög vegna byggingar almennra íbúða á vegum óhagnaðardrifinna leigu- eða búseturéttarféлага á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir?

Hafnarfjarðarbær veitti stofnframlög vegna byggingar íbúða í Hádegisskarði. Veitt stofnframlög vegna Bjargs 150 íbúðir

a)Ef svar við spurningu 2 er já, vegna hversu margra íbúða eru þau stofnframlög og hver er samanlögð fjárhæð nú þegar veittra stofnframlaga?

Stofnframlög vegna Hádegisskarðs eru 39 milljónir

Stofnframlög vegna Bjargs 620 milljónir.

Samtals 659 milljónir króna á verðlagi dagsins í dag.

3. Hversu margar almennar íbúðir á vegum óhagnaðardrifinna féлага eru á framkvæmdastigi í Hafnarfirði í dag?
150 íbúðir

4. Hversu margar stúdentaíbúðir eru í Hafnarfirði í dag?

a)Hversu margar stúdentaíbúðir hafa verið byggðar í Hafnarfirði sl. fjögur ár? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2018, 2019, 2020 og 2021.

Námsmannaíbúðir í Hafnarfirði eru 100 en um er að ræða íbúðir á Bjarkavöllum á vegum Byggingarfélags námsmanna. Ekki hefur verið sótt um lóð vegna stúdentaíbúða síðustu árin.

5. Hversu margar íbúðir eru á framkvæmdastigi innan Hafnarfjarðarbæjar í dag?

Samkvæmt tölum frá fasteignaskrá, Þjóðskrá Íslands, voru 438 íbúðir á framkvæmdarstigi.

6. Hversu margar íbúðir voru byggðar í Hafnarfirði á sl. fjórum árum? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2018, 2019, 2020 og 2021.

Samkvæmt tölum frá fasteignaskrá, Þjóðskrá Íslands, fjölgaði íbúðum á matsstigi 7 (fullkláraðar eignir) á milli ára sem hér segir:

2017-2018 um 120 íbúðir

2018-2019 um 102 íbúðir

2019-2020 um 151 íbúð

2020- dagsins í dag 10/11 2021 um 111 íbúðir

Rannveig Einarsdóttir,
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs